

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 969/2015 um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

1. Táknið „ < 70 dB“ í 1. mgr. falli brott.
2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi: Rekstrarleyfishöfum ber að vísa þeim sem greinast með heyrnarskerðingu á betra eyra ≥ 70 dB til frekari endurhæfingar hjá Heyrnar- og talmeinstöð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. gr. laga um Heyrnar- og talmeinstöð, nr. 42/2007, og 26., sbr. 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 27. september 2017.

Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra.

Vilborg Ingólfssdóttir.